


Greinargerð í kjölfar vinnustofu Biodice um líffræðilega fjölbreytni





Greinargerð í kjölfar vinnustofu Biodice um líffræðilega fjölbreytni þann 23. apríl 2024.

Biodice, maí 2025
DOI 10.33112/BIO2025903
Reykjavík, Ísland

Ritstjórn og samsetning: Rannveig Magnúsdóttir^{1,2}, Skúli Skúlason^{1,3}, Ole Martin Sandberg^{1,4},
Ragnhildur Guðmundsdóttir¹, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir^{1,5}, Rebecca Thompson¹.

Frummælendur á vinnustofunni sem allir lögðu til efni í greinargerðina eða lásu hana yfir: Ragnhildur Guðmundsdóttir¹, Rannveig Magnúsdóttir^{1,2}, Snorri Sigurðsson⁶, Bjarni Kristófer Kristjánsson³, Sigríður Svana Helgadóttir⁷, Katherine Richardson⁸, Hanna-Kaisa Lakka⁹.

Fulltrúar Biodice sem komu að faglegum undirbúningi vinnustofunnar, ráðgjöf um úrvinnslu gagna og/eða lásu yfir greinargerðina: Álfur Birkir Bjarnason¹, Bjarni Kristófer Kristjánsson³, Bryndís Marteinsdóttir¹⁰, Guðrún Guðjónsdóttir¹¹, Hafdís Hanna Ægisdóttir¹¹, Hildur Magnúsdóttir¹², Hrönn Egilsdóttir¹², Ole Sandberg^{1,4}, Ragnhildur Guðmundsdóttir¹, Rannveig Magnúsdóttir^{1,2}, Rebecca Thompson¹, Sindri Gíslason¹³, Skúli Skúlason^{1,3}, Snorri Sigurðsson⁶, Sæmundur Sveinsson¹⁴, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir^{1,5}, Tómas Grétar Gunnarsson¹⁵.

Aðrir þátttakendur á vinnustofunni eða fulltrúar þeirra sem lásu yfir greinargerðina: Anna Kristín Daníelsdóttir¹⁴, Anna Margrét Halldórsdóttir¹⁶, Axel Benediktsson¹⁷, Eggert Benedikt Guðmundsson¹⁸, Ester Anna Ármannsdóttir¹⁹, Freydís Vigfúsdóttir²⁰, Freyja Pétursdóttir¹⁷, Guðrún Anna Finnbogadóttir^{21,22}, Guðrún Aspelund¹⁶, Helga Árnadóttir²³, Hólmfríður Bjarnadóttir²⁴, Hólmfríður Sveinsdóttir²⁵, Hugrún Geirsdóttir²¹, Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir²⁶, Magnús Freyr Sigurkarlsson²⁷, María Reynisdóttir²⁸, Óskar Haukur Níelsson²⁹, Sigríður Geirsdóttir³⁰, Sigríður Jakobínudóttir³¹, Sigríður Svana Helgadóttir⁷, Sigríður Valgeirsdóttir³⁰, Sólrún Svandal³², Stefán Jón Hafstein³², Steinunn Hilma Ólafsdóttir¹², Sveinn Kári Valdimarsson²⁰, Vilhelmína Jónsdóttir²⁸ og Þórdís Björt Sigþórsdóttir¹⁷.

¹Náttúruminjasafn Íslands, ²Landvernd, ³Háskólinn á Hólum, ⁴Háskóli Íslands, ⁵Ungir Umhverfissinnar, ⁶Náttúrufræðistofnun, ⁷Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið, ⁸Kaupmannahafnarháskóli í Danmörku, ⁹Háskólinn í Jyväskylä í Finnlandi, ¹⁰Land og skógur, ¹¹Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands, ¹²Hafrannsóknarstofnun, ¹³Náttúrustofa Suðvesturlands, ¹⁴Matís, ¹⁵Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, ¹⁶Embætti landlæknis, ¹⁷Umhverfisstofnun, ¹⁸Forsætisráðuneytið, ¹⁹Skipulagsstofnun, ²⁰Matvælaráðuneytið, ²¹Samband íslenskra sveitarfélaga, ²²Vestfjarðarstofa, ²³Vatnajökulspjóðgarður, ²⁴Vegagerðin, ²⁵Innviðaráðuneytið, ²⁶Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, ²⁷Byggðastofnun, ²⁸Menningar- og viðskiptaráðuneytið, ²⁹Mennta- og barnamálaráðuneytið, ³⁰Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, ³¹Heilbrigðisráðuneytið, ³²Utanríkisráðuneytið.

Hönnun og umbrot: Fífa Jónsdóttir

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Bakgrunnur	5
Líffræðileg fjölbreytni	5
Líffræðileg fjölbreytni í íslenskri náttúru	7
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	7
Samkomulag um líffræðilega fjölbreytni (GBF)	8
Vinnustofa	9
Markmið vinnustofu	9
Skipulag vinnustofu og framkvæmd	9
Þátttakendur	9
Fyrri hluti vinnustofunnar: fyrirlestrar	10
Seinni hluti vinnustofunnar: hópavinna	10
Uppsetning hópavinnu	11
Úrvinnsla gagna	12
Niðurstöður	12
Skilningur á líffræðilegri fjölbreytni	12
Tenging líffræðilegrar fjölbreytni við starfsemi og verkefni þátttakenda	13
Hagaðilar	13
Tenging líffræðilegrar fjölbreytni við ýmis málefni	13
Stjórnsýslan og löggjöf	13
Loftslagsmál	14
Skipulagsmál	15
Upplýsingar og miðlun	15
Fjármagn og forgangsroðun	16
Annað	17
English summary	18

Samantekt

Þann 23. apríl 2024 hélt samstarfsvettvangurinn Biodice heils dags vinnustofu um líffræðilega fjölbreytni. Markmið vinnustofunnar var að greina og ræða málefni líffræðilegrar fjölbreytni eins og hún birtist í íslenskri stjórnsýslu. Vinnustofan var liður í verkefninu [Líffræðileg fjölbreytni Norðurlanda](#) (The Nordic Biodiversity Framework - NBF) sem Biodice og samstarfsaðilar fengu styrk fyrir frá Norræna vinnuhópnum um líffræðilega fjölbreytni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2024. Að auki tengist viðfangsefnið verkefninu [Líffræðileg fjölbreytni í málaflokkum matvælaráðuneytisins](#), sem er samningur ráðuneytisins við Biodice um gerð stöðumats á innleiðingu GBF samkomulagsins í málaflokkum ráðuneytisins.

Fulltrúum ráðuneyta, undirstofnana þeirra og tengdra aðila sem vinna með málefni tengd líffræðilegri fjölbreytni í efstu lögum stjórnsýslunnar var sérstaklega boðin þátttaka. Vinnustofan var vel sótt og mættu um 40 einstaklingar til leiks. Dagskráin samanstóð af erindum um líffræðilega fjölbreytni fyrir hádegi og hópavinnu eftir hádegi. Tilgangur hópavinnunnar var í fyrsta lagi að tengja fólk saman þvert á stjórnsýsluna og í öðru lagi að deila upplýsingum um stöðu mála er varða líffræðilega fjölbreytni og markmið Kunming-Montréal samkomulagsins um líffræðilega fjölbreytni (GBF).

Niðurstöður hópavinnunnar benda til þess að í stjórnsýslunni sé almennt lítill skilningur á hugtakinu líffræðileg fjölbreytni nema þar sem sérfræðingar í lífvísindum starfa. Allir hópar voru sammála um mikilvægi þess að hafa hagaðila með ráðum á öllum stigum umræðunnar. Mikill samhljómur var á milli hópa þegar kom að málefnum stjórnsýslu, loftslagsmála, skipulagsmála, upplýsinga, miðlunar, fjármagns og forgangsroðunar. Þátttakendur lögðu til að samþætta þurfi hugtakið líffræðilega fjölbreytni inn í alla stjórnsýslu og styrkja samstarf þvert á stjórnsýsluna, milli stofnana og milli ráðuneyta. Tryggja þarf að aðgerðir í loftslagsmálum gangi ekki gegn líffræðilegri fjölbreytni og taka þarf ákvarðanir í skipulagi sem gagnast báðum málefnum. Þekking og upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni þurfa að vera aðgengilegar öllum og fræðsla og menntun eru lykilatriði þegar kemur að innleiðingu markmiða GBF. Setja þarf líffræðilega fjölbreytni strax í forgang. Aðgerðum og stefnum þarf að fylgja fjármagn.

Þátttakendur höfðu áhyggjur af aftengingu manns og náttúru, að eignarhald og nálægð í litlum samfélögum hafi áhrif á ákvarðanatöku, skort á ábyrgð á málefninu og nýjum lýðheilsulegum ógnum. Einnig voru aðrar hugmyndir ræddar, m.a. að stofna þurfi Fagráð um líffræðilega fjölbreytni (líka nefnt Lífríkisráð) sambærilegt loftslagsráði, að huga þurfi að lýðheilsu og sóttvörnum og mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu.

Það ríkti almenn ánægja með vinnustofuna um þetta brýna málefni. Niðurstöður og tillögur hennar hjálpa við að meta stöðu Íslands við innleiðingu samkomulags um líffræðilega fjölbreytni (GBF).

Bakgrunnur

Líffræðileg fjölbreytni

Mikilvægt er að hafa skýran fræðilegan grunn og hugtök til að byggja á þegar unnið er með málefni líffræðilegrar fjölbreytni. Líffræðileg fjölbreytni er forsenda heilbrigðra vistkerfa sem eru undirstaða lífkerfa jarðar, og því er hnignun hennar á heimsvísu eitt af stærstu vandamálum samtímans. Líffræðileg fjölbreytni er nátengd brýnum viðfangsefnum svo sem loftslagsmálum, sjálfbærri þróun, auðlindanýtingu, efnahag, mengun, lýðheilsu og málefnum náttúruverndar.

Ef mannkynið ætlar sér að búa áfram á jörðinni þarf það að semja frið við náttúruna og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Við erum jú hluti af náttúrunni. Mikilvægt er að allir þekki hugtakið líffræðileg fjölbreytni, skilji hvað felst í því og hvað er í húfi. Markmið [laga um náttúruvernd](#) eru skýr og kveða á um að vernda skuli til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.

Búsvæðaeýðing, loftslagsbreytingar, ágengar framandi tegundir, ofnýting og mengun eru [fimm helstu ógnir við líffræðilega fjölbreytni í heiminum](#) (mynd 2). Ísland er þar engin undantekning þótt hérlandis sé enn að finna ýmis lítt snortin vistkerfi.

Biodice leggur áherslu á að unnið sé með skilgreiningar og leiðbeiningar [Samnings Sameinuðu Þjóðanna um Líffræðilega Fjölbreytni \(Convention on Biological Diversity - CBD\)](#) á grundvallarhugtökum um líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi og vistkerfisnálgun.


Líffræðileg fjölbreytni.

Fjölbreytni meðal lífvera í margbreytilegu umhverfi, þar með töldum vistkerfum á landi, í sjó og vötnum, og í þeim vistfræðilegu kerfum sem þær eru hluti af. Þetta nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og meðal vistkerfa (mynd 1). Hugtakið hefur einnig verið þýtt sem líffræðilegur fjölbreytileiki, lífbreytileiki eða líffjölbreytni.

Vistkerfi. Samfélag lífvera (plöntur, dýr, sveppir, bakteríur og frumverur) og hið ólífræna umhverfi þeirra. Vistkerfi geta verið misstór en þau eru öll breytileg og kvik og virka sem starfræn heild.

Vistkerfisnálgun. Samræmd notkun lands, lagar og lífandi auðlinda sem stuðlar að verndun og sjálfbærri nýtingu með jafnrétti að leiðarljósi. Beiting vistkerfisnálgunar styður við öll þrjú meginmarkmið aðildarríkja CBD-samningsins: verndun líffræðilegrar fjölbreytni, sjálfbæra nýtingu, sanngirni og jafnræði við nýtingu [erfðaauðlinda](#). Frekari upplýsingar um vistkerfisnálgun má finna í [greinargerð Biodice](#) í samstarfi við matvælaráðuneytið í október 2023.

Líffræðileg fjölbreytni




Mynd 1. Líffræðileg fjölbreytni nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og meðal vistkerfa.

Líffræðileg fjölbreytni í íslenskri náttúru

Á Íslandi eru vissulega ekki margar tegundir á alþjóðamælikvarða en verðmæti líffræðilegrar fjölbreytni hérlandis felast í öðrum þáttum, sem byggjast á sérstöðu landsins. Þar má nefna legu landsins sem úthafseyju lengst norður í höfum og þeim stutta tíma sem liðinn er frá síðasta jökulskeiði þegar landið var hulið jöklum. Í þessu felst þó mikilvæg sérstaða okkar. Þessi umgjörð hefur mótað einstakar aðstæður fyrir lífverur að nema land og þróast. Hérlandis er jarðfræðileg fjölbreytni, eða jarðbreytileiki, mikil, og það hefur orðið til þess að þær fáu tegundir sem hafa numið hér land hafa haft einstakar aðstæður til að aðlagast ólíkum búsvæðum án mikillar samkeppni og í einangrun frá meginlöndunum. Þetta lýsir sér oft í **mikilli fjölbreytni innan tegunda** og hér er einnig að finna mikla fjölbreytni vistkerfa. Því má segja að **talning tegunda sé eitt og sér ekki nothæfur mælikvarði** á verðmæti líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi. Okkar verkefni – og forgangsmál – er að meta og varðveita þá líffræðilegu fjölbreytni sem hefur mótað hér fyrir tilstilli einstakra aðstæðna og varðveita þær aðstæður sem liggja til grundvallar.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni


Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity – CBD) er hýstur hjá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu en umsjón með samningnum er hjá Náttúrufræðistofnun. Ísland hefur verið aðili að samningnum í 30 ár en hefur sinnt honum mismikið og vitund um hlutverk hans og mikilvægi því almennt lítil innan stjórnarráðsins og tengdra



stofnana. Því er takmörkuð yfirsýn yfir breiða skírskotun og erindi samningsins við mismunandi málefnasvið. Undanfarið hefur samningurinn þó fengið meiri athygli og vægi, á innlendri sem og erlendri grundu, samhliða því sem regluverk tengt honum verður viðameira. Kröfur um upplýsingagjöf og metnað í stefnumótun hjá aðildarþjóðum CBD hafa aukist. Margar þjóðir leggja sig fram um að innleiða metnaðarfull markmið og tillögur að aðgerðum til að ná betri árangri í að takast á við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og stuðla að vernd og viðhaldi hennar. Samningurinn er yfirleitt ekki talinn vera lagalega bindandi en [nýleg grein í Environment Science Europe](#) færir rök fyrir því að aðildarþjóðir gætu hugsanlega sætt málaferlum fyrir alþjóðlegum eða innlendum dómstólum vegna aðgerða þeirra eða aðgerðaleysis sem stuðla að tapi á líffræðilegri fjölbreytni í heiminum.

Samkomulag um líffræðilega fjölbreytni (GBF)

Samkomulag samningsins var samþykkt á aðildarríkjaþingi samningsins í desember 2022 og kallast **Kunming-Montreal Global Biodiversity Framework - GBF** (mynd 3). CBD skilgreinir og mælir með aðferð vistkerfisnálgunar við innleiðingu samkomulagsins (sjá skilgreiningar bls. 5). Þetta samkomulag og mælikvarðar þeir sem þjóðum ber að nota til að upplýsa um árangur við að innleiða samkomulagið, fela í sér ný verkefni og áskoranir fyrir þjóðirnar, þ.m.t. Ísland. Sambærilegar kröfur eru farnar að birtast á öðrum vettvangi, t.d. hjá Evrópusambandinu (ESB) og sumt skilar sér inn í regluverk Samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), t.a.m. [Flokkunarreglugerð ESB \(EU Taxonomy\) og Sjálfbærniupplýsingagjöf stærri fyrirtækja \(CSRD\)](#). Mikil þörf er því á aukinni vitund og skilningi á ólíku hlutverki ráðuneyta og stofnana við að taka þátt í innleiðingu áherslna og markmiða um líffræðilega fjölbreytni, þ.m.t. að safna og halda utan um ýmsar upplýsingar.



Mynd 3. Einfalt yfirlit yfir Kunming-Montréal samkomulagið um líffræðilega fjölbreytni.

Vinnustofa

Markmið vinnustofu

Markmið vinnustofunnar var að greina og ræða málefni líffræðilegrar fjölbreytni eins og hún birtist í íslenskri stjórnsýslu.

Skipulag vinnustofu og framkvæmd

Sérfræðingateymi Biodice sá um faglegan undirbúning [vinnustofunnar](#) sem fór fram þann 23. apríl 2024 í sal Hafrannsóknastofnunar. Vinnustofan er liður í tveimur verkefnum Biodice sem unnið er samhliða að: 1) verkefninu [Líffræðileg fjölbreytni Norðurlanda](#) (The Nordic Biodiversity Framework) styrkt af Norræna vinnuhópnum um líffræðilega fjölbreytni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og 2) verkefninu [Líffræðileg fjölbreytni í málaflokkum matvælaráðuneytisins](#), sem er samningur ráðuneytisins við Biodice um gerð stöðumats á innleiðingu GBF samkomulagsins í málaflokkum ráðuneytisins.

Þátttakendur

Vinnustofan var vel sótt og mættu um 40 einstaklingar til leiks. Fulltrúar 9 ráðuneyta, 10 ríkisstofnana og 8 tengdra aðila sem vinna með málefni líffræðilegrar fjölbreytni í efstu lögum stjórnsýslunnar tóku þátt þ.m.t. [stýrihópur um gerð stefnu og framkvæmdaáætlun um líffræðilega fjölbreytni](#) sem skipaður var í byrjun árs 2024 og starfar á vegum umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins. Í honum starfa fulltrúar frá heilbrigðis-, innviða-, matvæla-, mennta- og barnamálaráðuneytinu sem og fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Til að ná fram markmiðum vinnustofunnar var í undirbúningnum lögð áhersla á gott upplýsingaflæði og samráð allra þátttakenda, m.a. með því að deila fyrir fram upplýsingum um faglegan grunn, markmið og dagskrá fyrir vinnustofuna. Dagskráin samanstóð af erindum fyrir hádegi og hópavinnu eftir hádegi.

Ráðuneyti	Ríkisstofnanir	Aðrir þátttakendur
Forsætisráðuneytið	Byggðastofnun	Háskóli Íslands
Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið	Embætti landlæknis	Háskólinn á Hólum
Heilbrigðisráðuneytið	Hafrannsóknarstofnun	Matís
Innviðaráðuneytið	Land og skógur	Landvernd
Matvælaráðuneytið	Náttúrufræðistofnun	Náttúruminjasafn Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið	Skipulagsstofnun	Náttúrustofa Suðvesturlands
Mennta- og barnamálaráðuneytið	Umhverfisstofnun	Samband íslenskra sveitarfélaga
Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið	Vatnajökulsþjóðgarður	Ungir Umhverfissinnar
Utanríkisráðuneytið	Vegagerðin	
	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	

Fyrri hluti vinnustofunnar: fyrirlestrar

Bjarni Kristófer Kristjánsson, prófessor við Háskólann á Hólum, var fundarstjóri fyrir hádegi. Ragnhildur Guðmundsóttir, sérfræðingur hjá Náttúruminjasafni Íslands, hóf dagskrána með kynningu á Biodice. Rannveig Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá Landvernd og Biodice, kynnti í kjölfarið verkefnið *Líffræðileg fjölbreytni Norðurlanda* og Skúli Skúlason, prófessor við Háskólann á Hólum og Náttúruminjasafn Íslands og formaður stjórnar Biodice, fór yfir mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni, þátttöku samfélagsins og sérstöðu íslenskrar náttúru.

Snorri Sigurðsson, sviðsstjóri náttúruverndar hjá Náttúrufræðistofnun, kynnti samkomulag Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni – Kunming-Montreal Global Biodiversity Framework (GBF) - en vinnustofan snerist m.a. um að finna leiðir til að innleiða samkomulagið. Snorri sagði einnig frá heildstæðu kerfi mælikvarða (e. Monitoring framework/indicators) en gerð verður krafa um að þjóðir noti kerfið til að meta árangur í innleiðingu GBF. Flestir þessara mælikvarða eru nýir fyrir Ísland, t.d. um árangur endurheimtar, verndarstöðu vistgerða, framandi ágengar tegundir, þjónustu vistkerfa, þátttöku fyrirtækja, fjármögnun o.fl. Gerð verður krafa um að þjóðir noti kerfið til að meta árangur í innleiðingu GBF og flestir þessara mælikvarða eru nýir fyrir Ísland, t.d. um árangur endurheimtar, verndarstöðu vistgerða, framandi ágengar tegundir, þjónustu vistkerfa, þátttöku fyrirtækja, fjármögnun o.fl. Bjarni Kristófer Kristjánsson tók dæmi um markmið 6 í GBF um ágengar framandi tegundir, fór yfir stöðu mála á Íslandi og hvað þarf að gera til að ná árangri. Sigríður Svana Helgadóttir, yfirlögfræðingur hjá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, kynnti starf [stýrihóps um gerð stefnu og framkvæmdaáætlunar um líffræðilega fjölbreytni](#) (hvítbók), sem jafnframt styður við framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

Að auki héldu Katherine Richardson, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku og Hanna-Kaisa Lakka, sérfræðingur hjá Háskólanum í Jyväskylä í Finnlandi, erindi en þær eru samstarfsaðilar í verkefninu Líffræðileg fjölbreytni Norðurlanda. Erindi Katherine bar titilinn *The Biodiversity Crisis is at least as important as the Climate crisis* og fjallaði um mikilvægi þess að málefni líffræðilegrar fjölbreytni komist á þann stað sem loftslagsmálin eru komin á. Katherine sagði einnig frá hinum níu þolmörkum jarðar (e. Planetary boundaries) en hún er einn af höfundum hugtaksins. Erindi Hanna-Kaisa fjallaði um stöðu líffræðilegrar fjölbreytni og GBF í Finnlandi en þar voru ný náttúruverndarlög sett árið 2023.

Seinni hluti vinnustofunnar: hópavinna

Tilgangur hópavinnunnar var tvíþættur; í fyrsta lagi að tengja fólk saman þvert á stjórnsýsluna og í öðru lagi að deila upplýsingum um stöðu mála og kanna hvort verkefni ráðuneyta og ríkisstofnana endurspegli mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni og stuðli að því að markmið Kunming-Montreal GBF verði uppfyllt. Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, sérfræðingur hjá Biodice, stýrði hópavinnunni eftir hádegi.

Þátttakendur voru upplýstir um markmið hópavinnu í upphafi fundar. Tilgangur umræðna var eftirfarandi:

1. Að gera grein fyrir skilningi fólks á því hvernig líffræðileg fjölbreytni tengist málefnum ráðuneyta og ríkisstofnana.
2. Að kortleggja þau verkefni sem þegar eru í gangi og tengjast líffræðilegri fjölbreytni innan ráðuneyta/ríkisstofnana.
3. Að gera grein fyrir þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir því að verkefni um líffræðilega fjölbreytni séu gangsett eða gangi vel.
4. Að greina hvernig samvinna milli mismunandi ráðuneyta og hagaðila fer fram.
5. Að ríkisstofnanir sjái mikilvægi þess að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni og myndi með þessu grunn að frekara samstarfi um verkefni tengd þeim málefnum.

Uppsetning hópavinnu

Umræðurnar voru settar upp sem þrjár lotur (sjá spurningar í Viðauka A). Hver lota var 60 mínútur og snerist um eitt þema. Þemun voru 1) skilningur á líffræðilegri fjölbreytni, 2) hvernig ganga verkefni (fyrirhuguð og þegar í gangi) um líffræðilega fjölbreytni og Kunming-Montréal markmiðin, 3) samvinna hagaðila og samstarf ráðuneyta/stofnana. Þátttakendum var skipt upp í fjóra fyrir fram ákveðna hópa (mynd 4) og reynt að hafa þá sem fjölbreyttasta með tilliti til vinnustaða og kynjahlutfalls. Á hverju borði var ritari frá Biodice og einn úr stýrihópi um líffræðilega fjölbreytni sem var hópstjóri. Hópstjórar gættu þess að öll fengju að tjá sig og að umræðurnar væru hnitmiðaðar. Þeirra hlutverk var einnig að taka saman helstu punktana í lok hverrar lotu í samráði við ritarana.

Mynd 4. Hópavinna á vinnustofu um líffræðilega fjölbreytni.



Úrvinnsla gagna

Við úrvinnslu gagna úr hópavinnunni var stuðst við aðferðafræði eigindlegra rannsókna. Upplýsingarnar úr öllum fjórum hópunum voru settar saman í skjal sem var prentað út og einstök atriði klippt niður (e. Thematic analysis, mynd 5). Síðan voru öll atriðin handflokkuð og raðað upp eftir efnistöðum og tíðni þeirra til að draga fram aðalatriðin (kóðun). Að lokum voru aðalatriðin dregin saman í samfelldan texta. Í frásögn af niðurstöðum eru beinar tilvitnanir þátttakenda skálettraðar og innan gæsalappa en almennt var hugað að því að ekki væri hægt að rekja ummæli beint til einstaklings eða vinnustaðar. Allir þátttakendur, eða fulltrúar þeirra, lásu yfir drög að þessari greinargerð og komu með tillögur.



Mynd 5. Thematic analysis, aðferðafræðin sem notuð var við úrvinnslu gagna. ©Delve

Niðurstöður

Eftirfarandi niðurstöður byggjast á upplýsingum og skoðunum einstakra þátttakanda og/eða hópa og **endurspegla ekki alltaf skoðanir allra**. Samt sem áður mikill samhljómur í umræðum innan og milli hópa og fólks sama sinnis. Það ríkti almenn ánægja með vinnustofuna, m.a. sögðu þátttakendur; „*Tengingin við markmið samningsins er mjög skýr eftir fræðslu í upphafi vinnustofu*“, „*Þessi vinnustofa er fyrsta skrefið. Biodice hefur haft mikil áhrif*“ og „*Mikilvægt að hafa svona fundi til að vekja fólk til meðvitundar*“.

Skilningur á líffræðilegri fjölbreytni

Niðurstöður umræðna í hópunum sýndu að skilningur á hugtakinu er ágætur þar sem sérfræðingar í lífvísindum starfa. Almennt er þó lítil skilningur á hugtakinu, mikið um misskilning og stundum jafnvel lítill tengsl starfseminnar við málefni lífríkis og náttúru. Á sumum sviðum, m.a. í skipulagsvinnu hjá sveitarfélögum, er „orðið líffræðileg fjölbreytni ekki komin inn í orðræðuna – vantar upplýsingar“. Fleiri og fleiri eru þó farin að rekast á hugtakið og takast á við kröfur um innleiðingu þess.

Tenging líffræðilegrar fjölbreytni við starfsemi og verkefni þátttakenda

Líffræðileg fjölbreytni kemur að einhverju leyti inn á borð allra þátttakenda þar sem flestir þeirra sinna störfum sem tengjast með ýmsum hætti líffræðilegri fjölbreytni, en tengingin er misskýr. Stundum er ekki talað um hugtakið líffræðilega fjölbreytni beint en tengingin er samt til staðar þegar betur er að gáð, og oft orðað öðruvísi (náttúra, lífríki, lífvera, vistkerfi o.fl.). Vitundarvakning í umhverfismálum síðastliðin ár hefur skilað sér í meiri umræðu um líffræðilega fjölbreytni og málefni náttúrunnar. Líffræðileg fjölbreytni er komin á kortið, m.a. í tengslum við samninga og stefnur Sameinuðu þjóðanna, regluverk Evrópusambandsins og aukin tækifæri til að sækja um styrki.

Hagaðilar

Það er árangursríkast að hafa sem flesta hagaðila með í ráðum á öllum stigum umræðu og ákvarðanatöku. Gott samráð skilar sér í breiðara eignarhaldi og svona vinna með hagaðilum er mikilvægur hluti af [vistkerfisnálgun](#). Það þarf að gera „góða hagsmunagreiningu í upphafi, vanda samtalið og byggja upp traust“. Evrópureglugerðir eru sífellt meira að ýta á hagaðila að lyfta upp líffræðilegri fjölbreytni. Hægt er að finna leiðbeiningar um samráð og hafa t.d. opna fundi eða auglýsa eftir áhugasömum, „reyna að ná þversniði af hagaðilum“. Það þarf að passa að bera virðingu fyrir mismunandi menningu fólks, og breyta hugarfari í gegnum samráð og traust samstarf.

Tenging líffræðilegrar fjölbreytni við ýmis málefni

Stjórnsýslan og löggjöf

Hindranir: Veik stjórnsýsla þegar kemur að líffræðilegri fjölbreytni

Að mati sumra þátttakenda eru lög og reglugerðir sem varða líffræðilega fjölbreytni óskýr á Íslandi og oft vantar nauðsynlegar reglugerðir. Mörg grá svæði eru til staðar og ekki alltaf nægileg þekking á ábyrgðarskiptingu. Lögum er þar að auki ekki alltaf fylgt eftir og engin viðurlög við því. Þetta „kvíslast inn í menninguna“, „enginn gerir athugasemdir“ og lögin eru „veik og máttlaus“. [Lög um náttúruvernd](#) bjóða upp á of mörg túlkunaratriði og í þau vantar m.a. ákvæði um vernd eða friðun vegna mikillar líffræðilegrar fjölbreytni innan tegunda.

Ekki hefur verið lögð nógu mikil áhersla á málaflokk líffræðilegrar fjölbreytni í stjórnkerfinu og því hefur samræming og samvinna milli ráðuneyta og stofnana ekki átt sér stað. Áherslan hefur verið á loftslagsmálin og líffræðileg fjölbreytni mætt afgangi. Það er lítið talað um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfisnálgun í stjórnsýslu almennt og það vantar betri tengingu við loftslagsmálin.

Tillögur þátttakenda að úrbótum

Samþætta þarf vinnu og umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni inn í alla stjórnsýslu og rýna þarf öll viðeigandi lög og stefnur með líffræðilega fjölbreytni í huga. Styrkja þarf samstarf þvert á stjórnsýsluna, milli stofnana og milli ráðuneyta. Það skiptir máli að þau sem eru að vinna að málefnum líffræðilegrar fjölbreytni í stjórnsýslunni viti hvert af öðru. *“Það er ekki skrítið að boðleiðirnar séu þröngar, fólk hugsar ekki út fyrir sitt svið”*. Oft skarast starfsemi og málefni stofnana en skiptist jafnframt á milli ráðuneyta (málefni ferskvatns, til dæmis). *“Það er mikilvægt að geta talað þvert á síló”*. Sem flest þurfa að vera með eignarhald á málefninu og búa þarf til betri tengingu milli stefna og verkefna. Það er mikilvægt að auka samstarfið og mikil þörf er á frekari stuðningi við ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög. *“Við ættum að taka loftslagsmálin okkur til fyrirmyndar og hvernig við höfum verið að vinna með það”*. Deila þarf reynslu og þekkingu um líffræðilega fjölbreytni þvert á stjórnsýsluna því ýmsar stefnur sem komnar eru til framkvæmda verða að tala saman. Leita þarf í meira mæli til sérfræðinga þvert á ráðuneyti/stofnanir/háskóla og „leita til bestu sérfræðinga þótt þeir séu í röngu ráðuneyti/stofnun eða utan stjórnsýslunnar“. Það væri gagnlegt að leiða alla aðila innan ákveðinna geira saman (t.d. heilbrigðisgeirann eða þjóðgarða/friðlýsingageirann) og finna þau markmið í GBF sem koma beint að þeirra málum. Einnig þarf almennt að fylgjast betur með lögbrotum og beita möguleikum til refsinga.

Tenging við GBF

- Markmið 8 – Lágmarka áhrif loftslagsbreytinga
- Markmið 14 – Samþætta líffræðilega fjölbreytni í alla stjórnsýslu

Loftslagsmál

Hindranir: Það vantar meiri tengingu milli líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsmála

Mikið var rætt um tengsl við loftslagsmálin og einn þátttakandi kjarnaði þær áhyggjur vel: *„Við erum að gera mistök með að taka líffræðilega fjölbreytni og loftslagsmálin í sitt hvoru lagi.“*

Tillögur þátttakenda að úrbótum

Hér eru mörg tækifæri fyrir sameiginlegar lausnir því vernd líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt vistkerfa eru mikilvægar aðgerðir í loftslagsmálum. Að auki þarf að tryggja að aðgerðir í loftslagsmálum gangi ekki gegn líffræðilegri fjölbreytni. Dæmi um verkefni sem hægt væri að tengja betur við líffræðilega fjölbreytni er [C.10 aðgerðin í Byggðaaætlan](#) um áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög. [Fimm sveitarfélög](#) taka nú þátt í tilraunaverkefni þessarar aðgerðar.

Tenging við GBF

- Markmið 8 – Lágmarka áhrif loftslagsbreytinga

Skipulagsmál

Hindranir: Skortur á þekkingu í skipulagsmálum

Oft er skortur á þekkingu á líffræðilegri fjölbreytni hjá þeim sem hafa skipulagsvald, þ.e. sveitarfélögum, og það hefur áhrif á ákvarðanatöku. Sumt fólk „*tengir líffræðilega fjölbreytni við stöðnun eða vernd*“ og virðist hræðast hugtakið. Sveitarfélög vita ekki hvað á að gera þó áhugi á málefninu sé jafnvel til staðar. Það eru miklar áskoranir í sambandi við notkun á framandi tegundum og dreifingu þeirra tegunda sem eru eða reynast vera ágengar. Sveitarfélög og þjóðgarða vantar aðstoð, aðhald, jákvæða hvata og skýra stefnumörkun um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Tillögur þátttakenda að úrbótum

Skipulag og stefnumörkun er verulega stór þáttur þegar kemur að notkun lands og tenging við líffræðilega fjölbreytni í skipulagsvinnu verður að vera skýr. Finna þarf leiðir til að taka bestu ákvarðanir í skipulagi út frá líffræðilegri fjölbreytni og tækla samhliða loftslagsmálunum. Miklar kröfur í þessum málum koma að utan m.a. frá Evrópusambandinu en upplýsingar, fræðslu og fjármagn vantar.

Sveitarfélög hafa sýnt áhuga á vinnu við að skoða hvort „*líffræðileg fjölbreytni og endurheimt vistkerfa geti dempað áhrif loftslagsbreytinga*“ og hlúa þarf að þessu. Búa þarf til hvata og skoða samlegðaráhrif samliggjandi sveitarfélaga. Á Íslandi er sterkur eignarréttur, „*tortryggni og hræðsla við að ríkið sé að taka eitthvað af þér*“. Það þarf að vera hvatakerfi, gulrót sem fólk sér (m.a. landeigendur) og jafnvel „*borga fyrir að gera vel í málum líffræðilegrar fjölbreytni*“. Umbætur í sveitarfélögum þurfa að vera framkvæmdar í raunhæfum og fjármögnuðum skrefum.

Tenging við GBF

- Yfirmarkmið D - virkja fjármagn og önnur úrræði
- Markmið 1 - Skipulag m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni
- Markmið 2 - Árangursrík endurheimt 30% af hnignuðu lífríki
- Markmið 3 – Árangursrík vernd 30% land-, ferskvatns- og hafsvæða
- Markmið 8 - Lágmarka áhrif loftslagsbreytinga
- Markmið12 – Stækka og bæta græn/blá náttúrusvæði í þéttbýli

Upplýsingar og miðlun

Hindranir: Skortur á gögnum, aðgengi að upplýsingum og miðlun

Það vantar rannsóknir, gögn, vöktun, kortlagningu þekkingar og verkefni sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni, á landi og í sjó, og þessi skortur hefur áhrif á ákvarðanatöku og útgáfu á framkvæmdaleyfum og mati umhverfisáhrifa. Oft er óljóst hvaða gögn vantar og hvar mestu gloppurnar eru. Miðlun og aðgengi að upplýsingum er ábótavant og það vantar betri tengingar

við rannsóknastofnanir og háskóla. Fólk talar ekki nógu vel saman og *“allir eru að drukna í vinnu og ekki að miðla sinni vinnu”*. Það þarf að miðla betur efni úr alþjóðlegum *„hryllingsskýrslum“* (um slæmt ástand náttúrunnar) en þessar upplýsingar enda iðulega ofan í skúffum. *„Það virðast vera stjórnsýslulegar hindranir um upplýsingagjöf“*.

Tillögur þátttakenda að úrbótum

Þekking og upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni þurfa að vera aðgengilegar öllum. Leggja þarf áherslu á betra upplýsingaflæði og að upplýsingar séu gerðar skiljanlegar og gagnlegar. Gera þarf vísindaleg gögn og þekkingu aðgengilegri og matreiða og miðla niðurstöðum þannig að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir á grunni þeirra. Nýta þarf betur þá þekkingu sem er til staðar (þó það vanti tilfinnanlega meiri gögn og rannsóknir).

Fræðsla og menntun eru lykilatriði þegar kemur að innleiðingu markmiða GBF. *„Það þarf að koma líffræðilegri fjölbreytni inn í aðalnámskrá“* og einnig vantar meira námsefni og fræðsluefni um málefnið fyrir öll skólastig. Þörf er á fleiri náttúrufræðikennurum og að efla menntun þeirra. En það þarf að taka á þessu á öllum sviðum samfélagsins, ekki bara í skólum. *„Fólk tengir ekki við líffræðilega fjölbreytni og finnur ekki fyrir þessu í daglegu lífi.“* Það fer vinna og tími í að fá fólk til að skilja og ná utan um hugtökin.

Sérfræðingar í náttúrufræðum þurfa fjármagn til að kaupa þjónustu fagfólks í vísindamiðlun og/eða markaðssetningu til að búa til sem árangursríkast efni til að koma á framfæri. *„Ekki hægt að skella þessu á sérfræðingana“*. *„Það þarf að selja hugmyndina (marketing) innan hvers geira, innan stofnana og innan deilda. Valdhafar þurfa að kaupa hugmyndina, getur vegið þungt“*. Nota samfélagsmiðla og auglýsingastofur, virkja áhugann hjá öðrum, setja hluti í samhengi og tala rétta tungumálið við ólíka hópa. *„Hvetja fólk til að vera með í lausninni“*. Hægt væri að nýta náttúrustofurnar og háskólasetrin betur í miðlun og mótun.

Tenging við GBF

- Yfirmarkmið D - virkja fjármagn og önnur úrræði
- Markmið 21 – tryggja að þekking sé til staðar og öllum aðgengileg þegar kemur að aðgerðum í þágu líffræðilegrar fjölbreytni.

Fjármagn og forgangsöröðun

Hindranir: Skortur á fjármagni og röng forgangsöröðun

“Það eru kvaðir á sveitarfélögum, þau eiga að redda þessu en svo er fjármagnið ekki þar” og *„aðgerðum og stefnum þarf að fylgja fjármagn“*. Erfiðlega gengur að fá fjármagn í grunnrannsóknir, t.d. rannsóknir á ágengum tegundum. Umhverfismál virðast almennt ekki vera í forgangi. *„Fólk er sammála á fundum eins og þessum að þetta er mikilvægt en svo fara allir aftur í sitt og líffræðileg fjölbreytni er ekki sett nógu ofarlega í forgang“*.

Tillögur þátttakenda að úrbótum

Setja þarf líffræðilega fjölbreytni strax í forgang. Aðgerðum og stefnum þarf að fylgja fjármagn.

Tenging við GBF

- Yfirmarkmið D – virkja fjármagn og önnur úrræði

Annað

Aftenging manns og náttúru. Einn þátttakandi kjarnaði þessar áhyggjur vel: „Við erum hluti af lífríki jarðar en við höfum tekið mannkynið út fyrir sviga. Þetta er ekki hugsun sem við tökum inn á skrifstofu.“

Ábyrgð. Það er „*enginn sem ber ábyrgð á málefninu*“ eða það er „*erfitt að finna hver ber ábyrgð*“ og er með upplýsingar um það.

Eignarhald og nálægð í litlum samfélögum. Allir hópar nefndu vandamál með eignarrétt á málefnum líffræðilegrar fjölbreytni: „*Ef málefni fara þvert á stofnanir, þá gerist oft ekki neitt, því það er ekkert eignarhald og ábyrgðin er óljós*“. Landeigendur hafa mikið vald og sveitarfélög eru bæði með skipulagsvald og gefa út framkvæmdaleyfi. Nálægð getur haft áhrif þegar kemur að skipulagi sem og áhugi hvers og eins. Þá getur mikil nálægð í minni sveitarfélögum haft áhrif á ákvarðanatöku og gagnsæi. Í litlum sveitarfélögum er „*ekki auðvelt að segja nei við nágranna sína*“ og „*ákvarðanatöku getur verið smituð af vinskapa/frændsemi*“. Það er mikilvægt „*að sem flestir fái eignarhald á málefninu og skilji eignarhald sitt*“ og einnig að gagnsæi sé fyrir hendi.

Lífríkisráð. Stofna þyrfti Fagráð um líffræðilega fjölbreytni (líka nefnt Lífríkisráð) sambærilegt loftslagsráði og búa til „*mælaborð líffræðilegrar fjölbreytni*“ sbr. mælaborð loftslagsmála þar sem lykilmælikvarðar sýna með einföldum hætti stöðu aðgerða á Íslandi.

